

Nd.

227. Nefndarátt

um frumvarp til laga um lifeyrissjóð barnakennara og ekkna þeirra.

Frá allsherjarnefnd.

Frumvarp þetta, sem er stjórnarfrumvarp, er komið frá hv. Ed. og hefir tekið þar nokkrum breytingum.

En af þeim breytingum er þó ekki nema ein efnisbreyting, sem sje sú að kipt er i burtu úr 3. gr. ákvæðinu um það, að ef árslaunin nema meiru en 3000 kr., þá greiðist ekkert gjald af því, sem er fram yfir þessa upphæð.

Samskonar breyting hefir og verið gerð á frv. um lífeyrissjóð embættis-
manna og ekkna þeirra, og sjer nefndin ekki ástæðu til að mæla því í gegn.
Nefndin leggur því til, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 4. apríl 1921.

Sigurður Stefánsson,
formaður.

Björn Hallsson,
fundaskrifari.

Einar Þorgilsson.

Pjetur Ottesen,
framsögum.

Stefán Stefánsson.